



Borgarráð

Reykjavík, 20. ágúst 2025

MSS25080054

Aðgerðir til að auka öryggi og faglegt starf á leikskólum Reykjavíkur

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði að leggja fram tillögur um úrbætur sem lúta að auknu innra og ytra eftirliti í leikskólum Reykjavíkur, auknum stuðningi við framkvæmd innra mats, aðgerðum til að styrkja starfsemi og starfsumhverfi og auka forvarnir. Úrbætur verði yfirfærðar eftir því sem við á á annað skóla- og frístundastarf.

Tillögur með kostnaðarmati ef við á skulu liggja fyrir eigi síðar en 31. október 2025.

1. Viðbrögð við atviki í leikskólanum Múlaborg

Í tengslum við lögbundna könnun skóla- og frístundasviðs á atburði sem upp kom í leikskólanum Múlaborg verði unnin áætlun um úrbætur hjá leikskólanum og öðrum starfsstöðum ef við á.

Farið verði yfir alla upplýsingagjöf til starfsfólks, foreldra og aðra sem við á í samstarfi við samskiptastjóra og mat lagt á hvort þörf sé á breytingu verkferla.

Stuðningur við starfsfólk, foreldra og börn verði í forgangi og áætlun gerð um hvernig að því er staðið.

2. Innra mat og umbótaáætlanir leikskóla

Efla stuðning við innra mat leikskóla, fræðslu og stuðning við framkvæmd og eftirfylgd umbótaáætlana.

Leggja aukna áherslu á aðkomu foreldra að umbótastarfi með skipulögðu samráði og upplýsingagjöf, þannig að traust byggist á gagnsæi og sameiginlegri ábyrgð.

3. Aukinn stuðningur og eftirlit

Verklag vegna stuðnings og eftirlits verði yfirfarið með áherslu á framgang umbótaáætlana, gæði skólastarfs, faglegt starf, öryggi og líðan barna, starfsumhverfi starfsfólks og barna og gæði samskipta og faglegt verklag.

Eftirlit fari fram í áður boðuðum heimsóknum sem og óboðuðum heimsóknum.

4. Ytra mat leikskóla

Gera tillögur um fyrirkomulag ytra mats á leikskólum í Reykjavík í samráði við Mennta- og barnamálaráðuneyti.

5. Starfsumhverfi

Unnin verði áætlun um samráð við foreldra og fræðasamfélagið sem liggi fyrir þegar tillögur spretthóps um bætt starfsumhverfi í leikskólum verða kynntar.

Yfirfara fræðslu og símenntunarmöguleika starfsfólks tengt forvörnum gegn ofbeldi og viðbrögðum ef grunur kemur upp um slíkt í samstarfi við mannauðs- og starfsumhverfissvið og yfirfara aðgang starfsfólks að handleiðslu og ráðgjöf.



Reykjavík



Kynna foreldrum og starfsfólki leiðir til að koma með ábendingar ef óviðeigandi hegðun starfsmanns á sér stað og kynna mismunandi verkferla eftir eðli ábendingar.

6. Forvarnir

Unnið verði enn frekar að því að skapa menningu þar sem öryggi barna er í forgrunni þar sem fagmennska og nærgætni eru leiðarljós í öllu starfi.

Námsefnið „Opinskátt um ofbeldi“ eða annað námsefni sem hentar leikskólabörnum verði nýtt í öllum leikskólum borgarinnar með áherslu á öryggi, virðingu og jákvæð samskipti.

Greinargerð

Börn eiga rétt á heilnæmu öruggu umhverfi sem verndar þau og tryggir þeim umhyggjusamt og uppbyggilegt umhverfi til þroska og vaxtar. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar læra börnin á skapandi hátt um allt milli himins og jarðar. Með þessum aðgerðum vil Reykjavík tryggja enn frekar gæði og fagmennsku skólustarfs í leikskólum með þátttöku skólasamfélagsins alls, ásamt því að auka gagnsæi í umbótastarfi og auka eftirlit og stuðning við leikskólustarf starfsfólk, börn og foreldra.

Skóla og frístundasvið hefur framkvæmt ytra mat á á leik-, grunn- og frístundastarfi í Reykjavík. Mennta- og barnamálaráðuneytinu hefur gert viðmið fyrir ytra mat og framkvæmt ytra mat. Á vegum ráðuneytis eru viðmið í endurskoðun og fyrirhugað er samráð við sveitarfélög um framkvæmd ytra mats.

Ef upp koma einhver atvik, áhyggjur eða ábendingar eru viðbragðsáætlanir til staðar í leikskólum og mikilvægt að þær séu kynntar og ræddar innan skólasamfélagsins á hverjum stað. Sé grunur um að velferð eða öryggi barns sé ógnað á alltaf að tilkynna slíkt barnavernd og ef við á lögreglu, það er ábyrgð allra í samfélaginu.

Heiða Björg Hilmisdóttir,
borgarstjóri

Líf Magneudóttir,
formaður borgarráðs

Alexandra Briem,
borgarráðsfulltrúi Pírata

Einar Þorsteinsson, borgarráðsfulltrúi
Framsóknarflokksins

Helga Þórðardóttir, áheyrnarfulltrúi
Flokks fólksins

Hildur Björnsdóttir, borgarráðsfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Sanna Magdalena Mörtudóttir,
borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks
Íslands

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir,
áheyrnarfulltrúi Viðreisnar